

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Reykjafjarðarál og Strandagrunni.

### 1. gr.

Frá og með 14. maí 1988 til 30. september 1988 eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 66°39'54" N — 22°24'30" V
2. 66°52'23" N — 22°38'13" V
3. 66°58'31" N — 20°51'13" V
4. 66°19'48" N — 21°01'09" V

### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. maí 1988.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna bifreiðastöður sunnan megin á Grandavegi milli Eiðsgranda og Framnesvegjar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 18. maí 1988.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 3. maí 1988.*

**Böðvar Bragason.**